
Tillögur lagðar fyrir hluthafafund Símans hf.

20. ágúst 2026

1. Breytingar á samþykktum, starfskjarastefnu og starfsreglum tilnefningarnefndar.

(a) Breytingar á samþykktum:

Stjórn félagsins leggur til að nafni félagsins verði breytt í Ásar hf. Ákvæði greinar 1.1 í samþykktum félagsins verði því breytt og hljóði svo:

„Félagið er hlutafélag og nafn þess er Ásar hf.“

Þá er lagt til að grein 1.2. falli brott sem og grein 2 (um heimilisfang) og aðrar greinar í samþykktum uppfærðar í samræmi við það. Ennfremur er lagt til að grein 2 (áður grein 3) verði svohljóðandi:

„Tilgangur félagsins er að starfa sem eignarhaldsfélag ásamt því að stunda rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaga sem starfa á sviði stafrænnar þjónustu, m.a. á sviði fjarskipta, upplýsingatækni, miðlastarfsemi, fjártækni og öryggisþjónustu ásamt allri leyfilegri hliðarstarfsemi og skyldum rekstri, hvort sem er beint eða í sérstöku félagi, eftir því sem lög leyfa. Jafnframt þjónusta við dótturfélög, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, ávöxtun fjáreigna svo sem með kaupum, sölu og eignarhaldi á fjármálagerningum og eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.“

(b) Breytingar á starfskjarastefnu:

Stjórn félagsins leggur til að breytingar verði gerðar á starfskjarastefnu félagsins. Fela breytingarnar í sér uppfærslur til að endurspegla breytt nafn félagsins og breytingar á skipuriti félagsins og skipulagi samstæðunnar. Engar efnislegar breytingar eru lagðar til á starfskjarastefnunni.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

- (c) Breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar:
Stjórn félagsins leggur til að breytingar verði gerðar á starfsreglum tilnefningarnefndar félagsins, til að endurspegla breytt nafn félagsins. Engar aðrar breytingar eru lagðar til á reglunum.

Starfsreglur tilnefningarnefndar, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Greinargerð með tillögu:

Tillagan er þrípætt og varðar breytingar á samþykktum félagsins, starfskjarastefnu þess og starfsreglum tilnefningarnefndar. Breytingarnar tengjast í öllum tilvikum áður tilkynntri breytingu á skipulagi félagsins, sem felur m.a. í sér breytingu á nafni félagsins og framsali rekstrareigna til dótturfélags félagsins, Símans Rekstrar ehf. miðað við 1. júlí sl. Leiða breytingarnar því jafnframt til breytinga á skipuriti félagsins og skipulagi samstæðunnar.

2. Önnur mál